

## Hefti 4 Líkami Saga



Tumi er ekki í skóla.

Tumi er heima.

Tumi finnur til í maga.

Tumi er að leika í tölvu í stofu.

Edda er ekki í skóla.

Edda er heima.

Edda finnur til í höfði.

Edda er að leika í svefnherbergi.



## Hefti 4 Líkami Saga



Mamma er að taka til.

Mamma er með tannpínu.

Pabbi er í stofu.

Pabbi er að horfa á sjónvarp.

Pabbi er með kvef.

“Ekki drasla til” segir mamma og er að taka meira til.

“Hvernig er heilsan?” segir pabbi við Tuma og Eddu.

“Ekki góð” segir Edda “ég finn til í höfði”.

“Bara góð” segir Tumi “ég er frískur, ég finn ekki til í maga, ég vil fara út”.

